

Ársskýrsla

Félags forstöðumanna ríkisstofnana

2015 - 2016



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2015 – 2016.

Frá vinstri: Margrét Hallgrímsdóttir, Guðjón Brjánsson, Björn Karlsson, Halldór Ó. Sigurðsson Kristín Linda Árnadóttir, Sigríður Lilly Baldursdóttir og Borghildur Erlingsdóttir. Á myndina vantar Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur.

Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2015 til maí 2016. Frekari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu félagsins (www.ffr.is) og í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

1. Aðalfundur FFR 2. júní 2015

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana var haldinn þriðjudaginn 2. júní 2015 á Grand hóteli, Reykjavík. Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar var kjörinn formaður en í stjórn og varastjórn voru kjörin þau Halldór Ó. Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Borghildur Erlingsdóttir forstjóri Einkaleyfastofu, Guðjón S. Brjánsón forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Sigríður Lilly Baldursdóttir forstjóri Tryggingastofnunar.

Í starfsskjaranefnd voru kjörnir Tryggvi Axelsson forstjóri Neytendastofu (formaður), Ársæll Guðmundsson skólameistari og Indriði H. Þorláksson fyrrverandi forstöðumaður.

2. Störf stjórnar FFR

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé. Stjórnin hélt alls 8 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu auk ýmissa annarra funda sem stjórn, starfsskjaranefnd eða hluti þeirra sótti fyrir hönd FFR, meðal annars fundi með starfsmönnum í fjármála- og efnahagsráðuneyti og með kjararáði. Þær fundargerðir sem ritaðar voru má finna á heimasíðu félagsins. Einnig voru haldnir sérstakir fundir formanns FFR og formanns Starfsskjaranefndar FFR.

Þá voru haldnir tveir félagsfundir, þann 17. nóvember 2015 um fyrirhuguð heildarlög um stofnanakerfi ríkisins og stöðuna í starfsskjaramálum félagsmanna og 28. apríl 2016 um styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna til þess að þróa frammistöðumat og hæfnisviðmið fyrir forstöðumenn ríkisstofnana. Einnig voru ýmis önnur mál rædd, svo sem málarekstur félagsins fyrir Hæstarétti og endurskoðun á vefsíðu félagsins.

Stjórn FFR kom að fjölbreyttri vinnu tengdri hagsmunum forstöðumanna almennt og stofnana í ríkisrekstri. Tvennt bar hæst í starfi stjórnar og Starfsskjaranefndar á síðasta starfsári; annarsvegar vinna við greiningu á launaþróun forstöðumanna og samskipti við kjararáð í því samhengi; og vinna vegna 5.000.000 kr styrks sem FFR fékk frá Starfsmenntunarsjóði embættismanna og verður tæpt á þessum málefnum hér að neðan.

Haustið 2015 unnu stjórn og Starfskjaranefnd FFR hörðum höndum að greiningu á launþróun félagsmanna FFR og samanburði við verðlagsþróun og launþróun hjá þeim aðilum sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Þar naut stjórn og Starfskjaranefnd þeirrar miklu vinnu sem fyrri Starfskjaranefnd félagsins til margra ára, undir forystu Steingríms Ara Arasonar, hafði sett fram. Ljóst var að laun forstöðumanna hefðu alls ekki fylgt launavísitölu um langt skeið, og staðan á haustmánuðum 2015 orðin algerlega óviðunandi. Í kjölfarið funduðu fulltrúar úr stjórn og Starfskjaranefnd með fulltrúum kjararáðs og sendu síðan bréf með greiningu til kjararáðs. Í lok nóvember úrskurðaði kjararáð síðan loks um almenna hækkun launa forstöðumanna, sem og hækkun eininga (sjá nánari umfjöllun í kafla 3, Starfskjaranefnd).

Í nóvember 2015 sótti FFR um 5.000.000 kr styrk til Starfsmenntunarsjóðs embættismanna, með það fyrir augum að unnið verði áfram með tillögur er varða mögulegar breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana. Í mars 2016 var styrkumsóknin samþykkt. Bakgrunnurinn er sá að síðastliðinn áratug hefur FFR hvatt mjög til þess að breytingar verði gerðar á starfsumhverfi forstöðumanna. Í marsmánuði 2011 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að fjalla um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Tveir fulltrúar forstöðumanna sátu í hópnum. Hópurinn skilaði af sér skýrslu þann 24. apríl 2012 og lagði fram ýmsar breytingartillögur á starfsumhverfi forstöðumanna. FFR hefur staðið fyrir morgunverðarfundum þar sem skýrslan er kynnt, nú síðast 17. nóvember 2015 og í framhaldi af þeim fundi var haldinn almennur félagsfundur, þar sem einna helst var rætt um skýrsluna, launakjör og starfsumhverfi forstöðumanna.

Ljóst er að tillögur að breytingum á starfsumhverfi forstöðumanna eru enn tiltölulega ómótaðar. Forstöðumenn ríkisstofnana búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á þessu sviði sem mikilvægt er að skili sér inn í nýtt verklag. Þeir forstöðumenn sem sitja í stjórn FFR eru þó öll í fullri vinnu og því mikilvægt að nýta ofangreindan 5.000.000 kr styrk vel. Á almennum félagsfundi sem haldinn var 28. apríl fékk stjórn félagsins umboð til að ráða starfsmann í hlutastarf til þess að sinna verkefnum tengdum styrknum úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna.

Fulltrúar úr stjórn FFR sóttu hátt á 3ja tug funda vinnuhópa á vegum fjármálaráðuneytisins við undirbúning innleiðingar laga um opinber fjármál. Þeirri vinnu lauk í desember sl. Þá lauk í janúar þátttöku FFR í 18 mánaða vinnu stýrihóps um skoðun á umhverfi stofnanasamninga og gerð handbókar um gerð og inntak þeirra.

3. Starfskjaranefnd FFR

Starfskjaranefnd FFR, undir forystu Tryggva Axelssonar, vann áfram að mikilvægum verkefnum á starfsárinu. Fremst ber að nefna þá greiningarvinnu, sem reyndar byggir á miklu leyti á vinnu fyrri Starfskjaranefndar undir forystu Steingríms Ara Arasonar, þar sem laun félagsmanna FFR eru borin saman við verðlagsþróun og launaþróun hjá þeim aðilum sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Nokkuð lengi hefur verið ljóst að laun forstöðumanna hafa alls ekki fylgt launavísitölu um langt skeið, og staðan á haustmánuðum 2015 orðin algerlega óviðunandi.

Á grundvelli þeirrar greiningar og vinnu sendu formaður Starfskjaranefndar FFR og formaður FFR kjararáði bréf í byrjun nóvember 2015. Þar var þess krafist að kjararáð taki til endurskoðunar gildandi launatöflur og hækki laun félagsmanna FFR til samræmis við launa- og verðlagsþróun undangenginna ára. Í lok nóvember úrskurðaði kjararáð síðan um almenna launahækkun forstöðumanna ríkisstofnana um 9.3%, sem gildi frá og með 1. mars 2015. Þannig hækkuðu bæði föst laun og einingar um 9.3% frá þeim degi eins og hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Á sama tíma úrskurðaði kjararáð einnig um hækkun á virði eininga, en sá úrskurður tók gildi þann 1. desember 2015. Samanlögð hækkun á virði eininga á tímabilinu 1. mars til 1. desember 2015 varð því tæplega 25%, en sú hækkun náðist ekki að fullu fyrr en 1. desember 2015.

Samantekið má segja að þessi niðurstaða hafi fullkomlega eðlileg en miðað við fyrri reynslu af samskiptum við kjararáð var fyrirfram ekki ljóst hvernig ráðið færi að varðandi kjör forstöðumanna. Þrátt fyrir þennan úrskurð þá telur starfskjaranefnd alveg ljóst að laun forstöðumanna hafa ekki fylgt launavísitölu um mjög langt skeið og því nokkuð í land að kjararáð hafi staðið við lagalegar skyldur sínar varðandi laun forstöðumanna. Það er alvarlegt að mati nefndarinnar að kjararáð taki ekki mið af þeim miklu breytingum sem hafa orðið á kjörum almennra opinberra ríkisstarfsmanna og gætt þess að hlutfallslega taki laun forstöðumanna mið af þeirri þróun. Forstöðumenn bera ríkar skyldur að lögum, álag og ábyrgð hefur farið vaxandi. Ljóst er að forstöðumenn eru ekki einungis með háskólamenntun sem undanfarin ár hefur verið metin til hærri launa hjá almennum opinberum starfsmönnum heldur einnig búa þeir yfir mikilli reynslu og starfsþekkingu sem kjararáði ber einnig að líta til við ákvörðun launa. Starfskjaranefnd telur það því forgangsmál á komandi starfsári að nefndin beiti sér fyrri því að í almennum launum forstöðumanna komi skýrt fram sá launamunur sem telja verður að sé eðlilegur miðað við stjórnunarlega ábyrgð þeirra og starfskjör þannig að hlutfall þetta fari ekki lækkanði þegar bætt eru kjör almennra starfsmanna á opinberum markaði.

Starfskjaranefnd FFR hefur einnig komið að dómsmáli sem einn félagsmanna höfðaði (með stuðningi og áeggjan félagsins) á hendur fjármálaráðherra með stefnu sem var birt í mars 2013. Í málinu er krafa FFR að láta dómstóla kveða á um að vissir úrskurðir kjararáðs féllu úr gildi og greiðslur til forstöðumannsins kæmu til. Í stuttu máli má segja að málaleitan félagsins var vísað frá dómi, nema svokallaðri þrautþrautavarakröfu, sem gekk út á að viðurkennt yrði með dómi að kjararáði hafi

borið að afturkalla launalækkun sóknaraðila (og þar með forstöðumanna) frá og með 1. desember 2010, en ekki ári síðar, eins og gert var. Héraðsdómur kvað loks upp úrskurð í málinu í mars 2016, þar sem kröfu félagsmanns okkar var hafnað. Stjórn og Starfskjaranefnd FFR fjölluðu um málið og eftir samráð við lögmann félagsins var ákveðið að áfrýja málinu til hæstaréttar. Ætla má að niðurstaða hæstaréttar geti legið fyrir á haustmánuðum 2016.

Starfskjaranefnd hefur einnig komið að mörgum brýnum erindum er varða réttindi einstakra forstöðumanna auk þess sem nefndin hefur tekið virkan þátt í vinnu í tengslum við frumvarp til laga um opinber fjármál.

Þakka ber Tryggva Axelssyni, Ársæli Guðmundssyni og Indriða H. Þorlákssyni, sem sátu í Starfskjaranefnd FFR, fyrir góð störf í þágu félagsins.

4. Fundir og málþing 2015-2016

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) við Háskóla Íslands var aðal samstarfsaðili FFR við að skipuleggja og kynna málþing og námskeið á starfsárinu, eins og undanfarin ár. Haldnir voru 6 vel sóttir morgunverðafundir á Grand Hótel Reykjavík á starfsárinu í samstarfi við ýmsa aðila sem og 3 námskeið. Einnig voru haldnir 2 almennir félagsfundir FFR.

Glærur frá morgunverðarfundunum má nálgast á sérstöku vefsvæði SSS og FFR; <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/node/1060>

Stjórn FFR fékk áskoranir frá félagsmönnum sem starfa á landsbyggðinni um að morgunverðarfundirnir verði á einhvern hátt gerðir aðgengilegir á netinu. Kostnaður við að streyma fundunum er mjög mikill, en Grand hótél hefur á þessu starfsári boðið upp á tiltölulega ódýra lausn þar sem hljóð af fundinum er tekið upp og menn geta fengið hljóðskrána og kynningarefnið sent, eða nálgast það á ofangreindri slóð. Stjórn FFR vonast til að með þessari einföldu tækni sé komin fram ásættanleg og hagkvæm lausn sem geri félagsmönnum FFR á landsbyggðinni kleyft að fylgjast með morgunverðarfundum á einfaldan hátt.

Helstu fundir á haustmisseri 2015:

16. september: Fundur með Bjarna Benediktssyni fjármála- og efnahagsráðherra um fjárlagafrumvarpið 2016 og ný heildarlög um stofnanakerfi ríkisins. Fundarstjóri var Björn Karlsson.

20. október: Fundur um áhrif gerðardóms og nýlegra kjarasamninga á stofnanasamninga. Gunnar Björnsson, forstöðumaður kjara- og mannauðsskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins fjallaði um inntak stofnanasamninga og

gerðardómurinn, Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM ræddi um breytingar á stofnanasamningum (bókun 2 og menntunarákvæði) og sýn BHM, Ásta Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent sagði frá tilraunaverkefni hjá 31 ríkisstofnun um útfærslu á bókun 2 í kjarasamningum 2014-2015 og Vigdís Edda Jónsdóttir, formaður Félags mannauðsstjóra ríkisins sagði frá sýn mannauðsstjórans á gerðardóm og stofnanasamninga. Fundarstjóri var Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ.

17. nóvember: Fundur um fyrirhuguð heildarlög um stofnanakerfi ríkisins. Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneytinu sagði frá hugmyndum um einfaldara ríkiskerfi með markvissari stjórnun stofnana, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við stjórn málafræðideild HÍ fjallaði um stofnanakerfi og sterka stjórnsýslu, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent við stjórn málafræðideild HÍ ræddi um stöðu og starfsskilyrði forstöðumanna ríkisins í breyttu umhverfi opinberrar stjórnsýslu, og í lokin voru pallborðsumræður með frummælendum og Stefáni Eiríkssyni, fyrrverandi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og Margéti Friðriksdóttur, skólameistara Menntaskólans í Kópavogi. Fundarstjóri var Magnús Pétursson, fyrrv. ríkissáttasemjari.

17. nóvember: Í framhaldi af ofangreindum morgunverðarfundum var haldinn almennur félagsfundur þar sem einna helst var rætt um fyrirhuguð heildarlög um stofnanakerfi ríkisins og stöðuna í starfskjaramálum félagsmanna.

Helstu fundir á vormisseri 2016:

27. janúar: Kynning á kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Á fundinum kynntu fulltrúar kjara- og mannauðssýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins nýgerða kjarasamninga ríkisins og ræddu þau verkefni sem liggja fyrir hjá stofnunum ríkis vegna endurskoðunar stofnanasamninga. Þar var aðallega um að ræða

- Aðdragandi og helstu forsendur nýgerðra kjarasamninga
- Yfirferð yfir helstu breytingar nýgerðra kjarasamninga
- Almenn um kostnaðarmat kjarasamninga
- Stofnanasamningar
- Næstu skref

Fundarstjóri var Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ.

31. mars: Haldinn var fundur og valkvæð málstofa um áhrif stjórnunarháttanna á heilsu og líðan starfsfólks - hvað virkar til farsældar? Ásta Snorradóttir fagstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins fjallaði um alþjóðlegar rannsóknir á tengslum stjórnunarháttanna, heilsufars og almennrar líðunar starfsfólks, Birgir Jakobsson landlæknir ræddi um heilbrigðan vinnustað og hlutverk yfirmanna, Sigrún Gunnarsdóttir dósent við Háskólann á Bifröst og Háskóla Íslands velti upp þeirri spurningu hvort

stjórnunarhættir kenndir við þjónandi forystu, væru leið til að bæta líðan og heilsu starfsfólks og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent við Háskóla Íslands fjallaði um hvað stjórnendur geti lesið úr SFR könnunum um áhrif þeirra á líðan starfsfólks og í kjölfarið unnið með þær niðurstöður.

Í málstofu fjölluðu Sigrún Gunnarsdóttir og Sigrún Þorgeirsdóttir hjá Þekkingarsetri um þjónandi forystu um Þjónandi forystu, aðferð við að skapa jákvæðan starfsanda, hvatningu, betri líðan og heilsu starfsfólks og hlutverk stjórnenda.

28. apríl: Fundur um innleiðingu laga um opinber fjármál og nýja aðferðafræði og nýjar áskoranir. Fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis ræddu um lög um opinber fjármál og heildarmynd nýs verklags út frá sjónarhóli stofnana, Stefán Guðmundsson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, fjallaði um verklag við gerð stefnuskjals fyrir málefnasviðið Umhverfismál og síðan voru pallborðsumræður og spurningar úr sal. Fundarstjóri var Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.

28. apríl: Í kjölfar ofangreinds morgunverðarfundar var haldinn almennur félagsfundur um styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna til þess að þróa frammistöðumat og hæfnisviðmið fyrir forstöðumenn ríkisstofnana. Einnig voru ýmis önnur mál rædd, svo sem málarekstur félagsins fyrir Hæstarétti og endurskoðun á vefsíðu félagsins. Stjórn FFR fékk þar umboð til að ráða starfsmann í hlutastarf til að sinna verkefnum tengdum styrknum úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna.

Ýmis námskeið

Haldin voru þrjú hálfsdags námskeið fyrir starfsfólk í stjórnslu í samstarfi við Stofnun stjórnslufræða og stjórn mála við HÍ. Kennari var Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari í Reykjavík. Námskeiðin stóðu einnig til boða í fjarnámi.

1. Hvernig skal staðið að starfslokum starfsmanna hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga, sem var haldið 8. apríl, í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ, Stakkahlíð, stofu H204 – Hamar.
2. Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin? var haldið 12. apríl, í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ, Stakkahlíð, stofu K205 – Klettur.
3. Upplýsingaréttur almennings: Úrlausn lagalegra álitafna var haldið 27. apríl, í húsnæði Háskóla Íslands við Sturlugötu 3, stofa 106 í Odda.

5. Heimasíðan og samfélagsmiðlar

FFR rekur heimasíðu (www.ffr.is) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Stjórn FFR ákvað á árinu að endurgera vefsíðu félagsins og færa hana inn í vefumsjónarkerfið WordPress sem er ókeypis og opinn hugbúnaður og því þarf ekki að greiða nein mánaðarleg leigu- og/eða kerfisgjöld. Samið var við hugbúnaðarfyrirtækið Hype um endurgerðina. Áhersla verður lögð á að vefsíðan aðlagist skjáupplausn notenda, þ.e. að hún birtist m.t.t. allra skjástærða í tölvum og snjalltækjum (s.s. fartölvum, spjaldtölvum og snjallsímum).

FFR er einnig með síðu á samskiptavefnum Facebook. Slóðin á síðuna er: <http://www.facebook.com/forstodumenn>. Lítil sem engin virkni hefur þó verið á Facebook síðu félagsins undanfarin starfsár.

Glærur frá morgunverðarfundum sem haldnir eru í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) má nálgast á sérstöku vefsvæði SSS og FFR; <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/node/1060>

6. Lokaorð

Í starfi stjórnar og Starfskjaranefndar FFR bar hæst annarsvegar greiningarvinna og samskipti við kjararáð á haustmánuðum 2015 og hinsvegar vinna vegna 5.000.000 styrks frá Starfsmenntunarsjóði embættismanna á vormánuðum 2016.

Stjórn og Starfskjaranefnd FFR eru skipaðar hópi forstöðumanna sem allir eru tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Þakka ber fráfarandi formanni FFR, Borghildi Erlingsdóttur, sem hefur reyndar setið í stjórn félagsins á þessu starfsári og þannig tryggt ákveðna samfellu í starfinu. Einnig þakka ég Sigríði Lillý Baldursdóttur fyrir hennar miklu þjónustu við félagið, en hún hefur setið í stjórn FFR til margra ára. Þakka ber Steingrími Ara Arasyni, fyrrverandi formanni Starfskjaranefndar FFR og Indriða H. Þorlákssyni, sem starfað hefur í Starfskjaranefnd til margra ára, fyrir þær góðu greiningar á launaþróun sem þeir hafa lagt fram og hefur verið grunnur til að byggja launakröfur félagsmanna á. Þar fara mjög talnaglökkir menn. Einnig vil ég þakka Skúla Eggert Þórðarsyni, fyrrverandi formanni FFR, fyrir góð ráð. Þá ber sérstaklega að þakka Magnúsi Guðmundssyni, sem var farsæll formaður félagsins á árunum 2009-2014, en stöðugur stuðningur og hans dyggu ráð hafa reynst núverandi formanni og stjórn FFR ákaflega vel á liðnu starfsári.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana
Björn Karlsson, formaður FFR*

